

3. tbl. 1. árg.
15. nóv. 2012

HRING IÐAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL



Ókeypis eintak

SIÐUR 1935
 ★ ÍSAFJARÐARBIÓ ★
 Elsta samfellt starfandi bió á Íslandi
 DD DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbió skemmtun.is

Baltasar Kormákn.
djúpið
 Í KVÖLD Í BIÓ
AUKASÝNING
 Fimmtudag 15. Nóv kl 8.

AUKASÝNINGAR UM HELGINA
 DISNEY SNILLD BÆÐI Í 2D OG 3D
 WHEN THE ARCADE CLOSES, THE FUN BEGINS



WRECK-IT RALPH
 IN ENGLISH VERSION
 SATURDAY 17.00 PM.

Laugardag 17. Nóv kl 3. Í 3D (þrívídd) m/Ísl Tali
 Laugardag 17. Nóv kl 5. Í 2D M/ Ensku tali + Ísl texta
 Sunnudag 18. Nóv. kl 3. Í 3D (þrívídd) m/Ísl Tali

HEIMSFROMSÝNINGARHELGI
 MYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ BÍÐA EFTIR

THE TWILIGHT SAGA
 LOKAKAFLINN



THE EPIC FINALE THAT WILL LIVE FOREVER

FÖSTUDAG 16. NÓV KL 8.
 LAUGARDAG 17. NÓV KL 8. 12
 SUNNUDAG 18. NÓV KL 5 OG 8
 MÁNUDAG 19. NÓV KL 8.



Síðasta vika...

Í síðustu viku kenndi ýmissa grasa í menningarlífi bæjarins. Á fimmtudag héldu bæjarbúar í Grunnskólann á Ísafirði þar sem skrifað var undir yfirlýsingu gegn einelti í Ísafjarðarbæ. Eiríkur Norðdahl fagnaði útgáfu Illsku á föstudag, þrátt fyrir vonskuveður. Erlendir nemar í Háskólasetri Vestfjarða héldu alþjóðlega matarveislu á Kaffi Ísól og á sama tíma var ramm íslensk sviðaveisla Bí/Bolungarvíkur og KFÍ í sal Frímúrara á Ísafirði. Gissur Páll Gissurarson og Árni Heiðar Karlsson lokuðu síðan helginni með tónleikum í Hömrum. Þar var margt um manninn, enda engir smáfiskar á sviði tónlistar þar á ferð.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560. **Ritstjórn:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is. **Umsjónarmaður efnis:** Lísbet Harðar-Ólafardóttir, sími 697 4833, netfang: lisbet@bb.is. **Ljósmyndarar:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is, Sigurjón J. Sigurðsson og fleiri. **Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson. **Prentun:** Litróf hf. **Dreifing:** Íslandspóstur. Blaðinu er dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum.

Jólahlaðborð

Félagsheimilinu í Bolungarvík

8. og 15. desember 2012

VESTFIRSKIR LISTAMENN

FÆRA OKKUR JÓLIN

Veislustjórn er í höndum Benna Sig, Vestfirska skemmtifélagið flytur okkur tónlist Vilhjálms Vilhjálmssonar og Stórband Benna Sig spilar fyrir dansi.

Miðaverð: 8.400 kr.

Pantanir í síma 869 4838 eða á netfangið: dorikokkur@dorikokkur.is



flickr

Nafn:

Grétar Örn Eiríksson

Uppruni:

Flateyri

Flickr-síða:

flickr.com/photos/44276880@N02

Afhverju ljósmyndun?

Allt Hlyni Kristjánssyni að kenna, en annars er þetta ágætis og yfirvegað áhugamál sem gaman er að sinna þegar maður hefur tíma.


Fyrsta græjan?

Er ennþá á fyrstu græjunni, fyrir utan litlar myndavélar sem fjölskyldan hefur átt en það var allt áður en ég gerði þetta að áhugamáli. Ég er nú lélegur í öllu svona tæknimáli en held þessi græja heiti: Canon 550D Kiss x4.

Skemmtilegasta Kódak mómentlið?

Ég fór einhvern tímann með myndavél sem pabbi minn átti og labbaði upp Eyrarfjall fyrir ofan Flateyri. Það var svart þoka sem lá inn fjörðinn og langaði mig að ná að komast vel upp fyrir þokuna og taka myndir. Ég hafði aldrei notað þessa myndavél og kunni því ekki á hana en hafði spurt pabba hvernig þetta væri og það var bara að kveikja og svo ýta á „þennan“ takka.

Ég tók fullt af myndum á leiðinni upp fjallið, fór þó ekki upp á topp en labbaði vel upp í kletta og kom mér næstum því í sjálfheldu sem ég þó bjargaði mér úr með minni stórkostlegu fjallgönguhæfni. Þetta var sirka svona 2-3 klukkutíma göngutúr og þegar ég kom heim aftur og ætlaði að láta pabba skoða hversu mikið væri eftir af filmunni að þá kom í ljós að ég hafði ekki tekið eina einustu mynd. Man nú ekki hvað það var almennilega sem ég gerði



Horft upp Hvítá rétt við Húsafell. Í bakgrunni má sjá Eiríksjökul og vinstra megin við hann er fjall sem nefnist Strútur. Hægra megin á myndinni sést aðeins í Langjökul.



Skúr við Holtsbryggju í Önundarfirði, fjallið Þorfinnur í bakgrunn vinstra megin.



Horft út Ísafjarðardjúp úr fjörunni fyrir neðan Súðavíkurhlíð.

villaust en ég kenni alfarið þabba um slæma kennslu á vélina. Þarna voru þó fullt af skemmtilegum kódak mómentum sem gætu verið til í dag ef ég hefði ekki klúðrað þessu litla smáatriði, ýta á réttan takka.

Hvað er í dótakassanum?

Á asskoti lítið af dóti, er með tvær linsur sem fylgdu með vélinni, 18-55mm og svo eina 70-300mm. Er svo með þrjá filtera sem ég hef lítið notað og einn léttan prífót.

Á hvern skorar þú?

Ég ætla að skora á frænda minn Jón Grétar Magnússon en „ömmur okkar voru mæður og erum við því mæðra synir.“ Liggur því beinast við að skora á hann.



Húsið - fréttir

Húsið - Gistiheimilið Koddinn - Ísafjörður - Sími: 456 5555

HELGARTILBOÐ

Þriggja rétta tilboð Hússins

Súpa dagsins
Fiskur, kótelettur eða nautasteik
Kaka í eftirrétt
Verð kr. 4.500
Víking jólaöl fylgir með

Föstudags- og
laugardagskvöld
kl. 00:00

Vignir Snær og Jógvan



Lifandi tónlist öll fimmtu-
dagskvöld fram að jólum

Fimmtudagskvöld:
Gummi Hjálta og Maggi Trausta

Tónleikar með
Jónasi Sig og
Ómari Guðjóns
laugardagskvöldið
kl. 21:00
2.000 kr. inn



Fiskur og súpa dagsins á 1.990,-
Í hádeginu alla virka daga

Gott úrval af girnilegum kökum
og belgískum vöfflum á 590,-

Hamborgari Hússins, franskar
og Coke á 1.490,-



Jólavörurnar frá Georg Jensen
fást hjá okkur

GEORG JENSEN

PRISTUR ORMSSON

HAFNARSTRÆTI 12 • 400 ÍSAFIRÐI • SÍMI: 456 4751

1. nóvember 2012

Dagur í lífi Steingríms Rúnars Guðmundssonar, trúbadors, fjölskylduföðurs og formanns Litla leikklúbbsins

06:45 Síminn minn vekur mig alla virka morgna. Núna var sett á „snooze“ til kl 7. Það er eitthvað svo erfitt að vakna suma morgna. Það er kalt og snjócoma úti. Svo er líka svo dimmt á morgnana.

07:00 Heimilismeðlimir ræstir. Við Sæunn konan mín komum dætrunum á fætur og höfum til morgunmat. Stelpurnar skella sér svo með strætó í skólann og konan ekur svo í vinnuna.

08:00 Skelli mér í sturtu og fer í huganum yfir hvað ég þurfi að taka með mér í vinnuna, því það er langur dagur framundan, lúðrasveitacæfing, tónleikar með Skunda og gítarpartí með Magga Trausta á Húsinu. Effir sturtu skelli ég mér í gallann og aðeins sest niður og horft á einn C.S.I þátt á VODinu.

09:15 Skelli nagladekkjunum í skottið, gítarinn og trompetið í aftursætið ásamt fylgihlutum, því þessi dagur verður til-einkaður tónlistarflutningi, allskonar.

09:18 Kem við í Móholtinu heima hjá mömmu og pabba þar sem ég þarf að afhenda bækur fyrir pabba, þar sem hjónakornin eru erlendis. Finn til kennslubækur, tel þær og pakka þeim í kassa.

09:30 Er kominn alltof snemma í bæinn og skelli mér í Gamla bakarið og fæ mér í gogginn. Fletti í gegnum gamalt Bændablað. Alltaf eitthvað sniðugt í því.

10:00 Mæti í vinnuna mína í Særaf í Aðalstræti 20. Viðskiptavinir eru komnir inn áður en ég kemst úr úlpunni. Afgreiði þá með brosi á vör. Tíminn líður fljótt og nóg að gera.

12:45 Bruna með bílinn í dekkjaskipti í Bílaverið til Gumma Einars og félaga. Sé fram á að ná ekki neinum hádegismat, og hoppa inn í Hamraborg og kippi með mér



samlöku áður en ég mæti á verkstæðið.

13.00 Kemst að því að ég er að mæta of snemma með bílinn á verkstæðið, átti að mæta 13:30! Fer út í bíl, borða samlokuna mína, hlusta á útvarpið og horfi út í vonda veðrið og er ánægður að sitja inn í hlýjum bílnum. Bjarki í Bílaverinu kallar á mig að koma inn með bílinn og það hefur myndast tími fyrir mig fyrir. Fer inn með bílinn og spyr Bjarka út í ljósin í mælaborðinu hjá mér sem hafa verið slökkt í nokkra mánuði, en höfðu birst allt í einu. Bjarki fer með mér út í bíl og sýnir mér takka sem hækkar og lækkar ljósin í mælaborðinu!! Ég þarf ekki lengur að kveikja ljósið í loftinu á bílnum til að sjá hvað ég ek hratt á kvöldin. Ég og bílar eru ekki alveg málið.

13:25 Er kominn aftur í vinnuna með sumardekkinn í skottinu og nagladekkinn undir. Held áfram að vinna og sé fram á að komast ekki á lúðrasveitacæfingu. Sendi Madis stjórnanda lúðrasveitarinnar SMS um að ég komist ekki á æf-

ingu og bið hann um að senda mér lagalista fyrir tónleikana á laugardaginn í Neista. Hann hringir á sömu mínúttunni og telur upp lögin sem á að spila. Tíminn líður hratt í vinnunni. Á milli næ ég að henda nokkrum tölvupóstum, aðallega á milli mín og Höllu gjaldkera Litla leikklúbbsins, þar sem við erum að undirbúa síðustu sýninguna á Kettinum sem fer sínar eigin leiðir og einnig lokahóf Litla leikklúbbsins.

18:05 Er mættur upp í Ísafjarðarkirkju. Þar hitti ég Skunda litla, eða Þorstein Hauk Þorsteinsson og konuna hans, hana Lilju Kjartans. En Skundi heldur útgáfutónleika sína, ásamt Gospelkór Vestfjarða og hljómsveitinni Skruggublesunum í Ísafjarðarkirkju. Og ég spila þar á gítar. Það er tekin hljóðprufa og rennt í nokkur lög sem verða teknir á tónleikunum.

19:10 Bruna til tengdó, þar sem Sæunn og dæturnar Svava Rún og Elma Katrín eru staddar. Tengdamamma hafði skellt í kjötsúpu. Kjötsúpa er

með því besta sem ég fæ. Og ekki var það verra að fá svoléiðis á köldu vetrarkvöldi.

19:50 Mæti aftur niður í kirkju. Fer á bakvið og stilli gítarinn minn sem er með alltof nýjum strengjum og á erfitt með að ná honum í stillingu. Sprellum og höfum gaman á bakvið og það er galsi í mannskapnum fyrir tónleika. Myndum hring og Skundi heldur smá tölu, erum svo kynnt á svið.

20:02 Fyrstu tónarnir hjá Skunda hljóma. Það er sæmlega mætt, þrátt fyrir vont veður. Fólk skemmtir sér og kemst í fínt stuð þegar Gospelkór Vestfjarða bætist í hópinn.

21:00 Tónleikarnir búnir. Mér fannst þeir hafa verið bara 3 mínútur. Hafist er handa við að taka niður hljóðkerfi og ganga frá snúrum og dótí. Hlaupið í kapp við veðrið svo Súðvíkingarnir komist heim áður en verra veður skellur á.

21:40 Fer á veitinstaðinn Húsið með gítarinn og fleira dót og stilli þar upp fyrir kvöldið. Bíð effir að Maggi Trausta komi í hús. Hann birtist stuttu síðar dúðaður og í góðu stuði eins og alltaf. Við klárum að tengja okkur og hefjum spilerí okkar um 22:30. Fólk er í fínu stuði. Greinilega einhverjar áhafnir í brælustoppi og einn á afmæli í hópnum sem fær afmælissönginn og óskalag. Þegar er gaman og gengur vel með gítarinn líður tíminn mjög hratt.

01:15 Ég stend upp og pakka gítarinn niður og sem við Magga um að hann gangi frá hljóðkerfinu. Stekk út í nóttina og vonda veðrið. Þarf að skafa af bílurðunum og keyri heim. Keyrí gegnum litla skafila á veginum. Það er kominn vetur. Maður þarf að sætta sig við það.

01:45 Leggst á koddann en er smá tíma að koma mér í ró. Úff þarf að vakna effir effir rúma 5 tíma.

20% afsláttur


fram að jólum

ALLT SEM ÞARF
TIL ÁRANGURS
GPS - MÆLIR
PÚLS - MÆLIR
TÍMATAKA
NIÐURTELJARI
O. FL.

Gullauga

HAFNARSTRÆTI 4 • SÍMI 456 3460


Heart Rate Monitor • Monitor della frequenza cardiaca
Herzfrequenzmonitor • Hartslagmonitor



TIMEX
IRONMAN
RACE
TRAINER™

Target Zones - Interval Training
Zona bersaglio - Allenamento a intervalli
Zielzone - Intervall-Training
Streetzones - Intervalltraining

10-Workout Memory / Memoria 10 allenamenti
Speicher für 10 Trainingseinheiten / Geheugen voor 10 trainingen



WELLNESS FITNESS **ELITE**

Heart Rate Monitor • Monitor della frequenza cardiaca
Herzfrequenzmonitor • Hartslagmonitor



TIMEX
ZONE
TRAINER™

Target Zone - Calories Burned
Zona bersaglio - Calorie bruciate
Zielzone - Verbraachte Kalorien
Streetzone - Verbrande calorieën

27-Lap Review / Memoria 27 giri
27-Runden-Überblick / 27 rondes bekijken



WELLNESS **FITNESS** ELITE



Edinborg
Bistro - Café - Bar

Danskt jólahlaðborð á Edinborg
laugardagana 1,8 og 15. desember



Veislustjóri og uppistandari:

Edda Björgvins

Þórunn og Halli spila fyrir dansi
Miðaverð aðeins 8.400 kr. á mann

Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl. 20:00

Borðapantanir í síma 864-9737



Rithöfundurinn

Nóg er að gera hjá rithöfundinum Eiríki Erni Norðdahl sem nýverið gaf út skáldsöguna *Illsku* sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Fyrir fimm árum tók hann hatt sinn og flutti erlendis á vit gæfu og gengis, fann hvoru tveggja og er komin heim í bili; konu, barni og bókum ríkari.

Hver ertu?

Í *Illsku* stendur að stundum sé maður sá sem maður heldur að maður sé, stundum sé maður sá sem aðrir halda að maður sé en oftast sé maður sá sem maður heldur að aðrir haldi að maður sé. Ég hlýt að standa við það.

Og hvar áttu heima?

Ég á heima á efstu hæð Öldunnar við Fjarðarstræti, með útsýni yfir allan eyrina öðrumegin og Snæfjallaströndina hinumegin. Það verður ekki mikið betra.

Hvað er að fréttá?

Fyrir fáeinum vikum gaf ég út skáldsöguna *Illsku*. Þetta er fjórða skáldsagan mín og ég hef unnið að henni frá því sumarið 2008, þegar hugmyndin byrjaði að skjóta rótum. Frá því við lok árs 2009 hef ég svo ekki gert neitt annað. Bókin fjallar um Agnes Lukauskaité, sem er dóttir litháískra innflytjenda. Hún á rætur í bænum Jurbarkas, sem var einn af allra fyrstu viðkomustöðum nasista í innrásinni í Sovétríkin árið 1941, og þar sem segja má með nokkrum rökum að helförin hafi hafist fyrir alvöru. Agnes er af þessum sökum með óstjórnlega þráhyggju fyrir helförinni.

Bókin fer annars um víðan völl og fjallar líka um samband hennar við tvo menn. Annars vegar Ómar, sem er rótlaus og til þess að gera viljalaus íslenskufræðingur og kærasti Agnesar; og svo viðhaldið, Arnór, sem er ísfirskur nýnasisti. Dágóður hluti úr bókinni gerist á Ísafirði á áttunda áratugnum, sem er uppeldissaga Arnórs; annar hluti segir frá atburðunum í Jurbarkas sumarið 1941; enn annar er sagður frá sjónarhóli ungabarns sem er að uppgötva lífið. Þá er í fyrsta hluta bókarrinnar eins konar portrett af helfararþráhyggju Agnesar, alls kyns staðreyndir og hugmyndir um helförina, populísk stjórnmál, Adolf Hitler, íslenska þjóðernis-
hyggju og svo framvegis.

Það er mikið að gera í tengslum við bókina. Viðtöl og upplestrar og alls konar. Ég hef líka fengið meiri viðbrögð en ég á að venjast á þessum örfáu vikum sem bókinn hefur verið á markaði – bæði hafa lesendur verið duglegir við að hafa samband við mig í tölvupósti og á Facebook og svo hefur verið nokkur áhugi á henni erlendis og er verið að athuga með þýðingar í fjórum löndum. Þótt ekkert sé frágengið í þeim efnum, og raunar langt í það held ég, þá er ég ekki vanur svona mikilli athygli. Mér skilst líka að bókin roksejist. Og svo hefur hún náttúrulega fengið glimrandi dóma! Það er verst hvað ég er farinn að monta mig mikið. En það er í sjálfu sér ekki leiðinlegt að vera ég þessar vikurnar, það er alveg ljóst.

Hvað næst?

Ég er nú bara að draga andann svolítið. Eða reyna það. Ég lofa mér alltaf að á morgun muni ég gefa mér tíma til að setjast niður og lesa svolítið. Fara kannski á kaffihús eða loka mig af inni í svefnherbergi í 1-2 tíma. En það verður aldrei neitt úr því. Það er alltaf eitthvað smálegt sem þarf að gera. Að kynna svona bók er eiginlega fullt starf. Og svo vorum við að flytja til Ísafjarðar og það er hellingur sem þarf að vesenast í íbúðinni. Við eigum líka einn þriggja ára sem hefur ekki fengið pláss á leikskóla – hann er á biðlista – og það tekur sinn tíma að sinna honum. En

ekkert af þessu er leiðinlegt, svo maður kvartar ekki undan öðru en þreytu. Og það gæti svo sannarlega verið verra.

Konan mín er sænsk og við ætlum að fara til Svíþjóðar yfir jóli og vera nokkrar vikur hjá mágkonu minni í smábænum Rejmyre, rétt hjá Finspång. Það er svona Astrid Lindgren land og ótrúlega fallegt í vetrarstillum. Svo getum við vonandi eytt áramótunum í Helsinki með vinum og ættingjum. Við bjuggum þar í nokkur ár og eigum þar marga vini.

Afhverju bækur?

Ég las mjög mikið sem barn. Mamma og pabbi lesa bæði mikið og eiga óhemju af bókum og ég fékk bækur að gjöf frá þeim og fleirum – ég man sérstaklega eftir Þúsund og einni nótt sem ég fékk í þremur feittum bindum frá ömmu minni þegar ég var kannski níu, tíu og ellefu ára. Þegar ég óx uppúr ævintýrabókunum á unglingsaldri missti ég svo áhuga. Það var mjög lítið til af góðum unglingsbókmenntum og tilraunir mínar til að lesa fullorðinsbækur reyndust frekar ófullnægjandi. Ég las eiginlega ekkert fyrir sjálfan mig í nokkur ár. Var einn af þessum unglingsstrákum sem stundar ekki yndislestur og allir hafa hryllilegar áhyggjur af. Á öðru ári í menntaskóla breyttist þetta svo aftur. Ég kynntist ljóðum Allens Ginsberg (í gegnum hljómsveitina Rage Against The Machine, sem fluttu oft Hadda Be Playin' on the Jukebox á tónleikum), í gegnum hann kynntist ég svo Degi Sigurðarsyni og fleirum íslenskum skáldum. Ég las Glæp og refsingu eftir Dostójevskí einhvern tíma þennan vetur, eftir að Bjarni Þór vinur minn mælti með henni, og þá sló það mig hvað bókmenntir gætu verið stórar og miklar –





bækur gætu hreinlega breytt manni þannig að maður væri aldrei samur maður á effir. Síðan þá hef ég lesið margar bækur sem hafa breytt mér. Nú síðast smásagnasafnið Noone Belongs Here More Than You effir Miröndu July. Og enn fleiri auðvitað sem hafa haft á mig áhrif.

Hvað með hattinn?

Ég gekk með lopahúfu í menntaskóla. Á tímabili átti ég reyndar líka kúluhatt en hann mætti miklu mótlæti í vinahópnum og ég lenti einu sinni í því að vera ekki hleypt inn í partí nema ég skildi hann effir fyrir utan – svo stal vinur minn honum og faldi undir bíl niðri við Alþýðuhús og vísaði mér ekki á hann fyrrenn ég hafði tæmt úr einni og hálfri bjórdós yfir höfuðið á honum. Ég lét mig á endanum og tók aftur að ganga með húfuna. Effir menntaskóla skipti ég henni svo út fyrir sixpensara. Þegar ég varð 25 ára gáfu foreldrar mér mínir fyrsta hattinn í afmælisgjöf. Það var Stetson Derby. Fyrst átti hann að vera spari en svo fannst mér einhvern veginn bara synd og skömm að nota hann svona sjaldan – ég er ekki oft á sparifataupþákomum.

Nokkrum árum síðar gáfu þau mér svo nýjan, Country Gentleman hatt. Þegar ég gífti mig 2007 keypti ég mér síðan hattinn sem ég geng oftast með í dag; hann er ómerktur og ég hef aldrei vitað hvaða típa hann er. En ég hef líka keypt mér nokkra síðan. Keypti mér einn mjög fínan, beint af hattaranum í Basel, fyrir tveimur árum. Fyrir þremur-fjórum árum keypti ég mér fínan strásumarhatt í Rauma í Finnlandi, heimabæ rithöfundarins Tapios Koivukari, sem Ísfirðingum er að góðu kunnur. Hann var svolítið viðkvæmur og til að spara hann keypti ég mér einn harðgerari í Banyuls-sur-mer í suður Frakklandi síðasta sumar. En í hörðum vetrarveðrum geng ég enn með sixpensara með eyrnaskjólum.



Hafnarbúðin

Opið 9 - 18 alla virka daga

og 11 - 14 á laugardögum

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

66° NORTH
ICELAND

casall

eccò

VIKING

fransa

NOKIAN
JALKINEET

speedo

PUMA

NIKE

ZO·ON
ICELAND

Tamaris

CRAGHOPPERS
World Travel Clothing

asics

THE ORIGINAL
MUCKBOOT
COMPANY



b.young

SKECHERS

ATMANDOO
www.atmandoo.com



adidas TREK

Prjónympíuleikar 2012

Hinir geysivinsælu og þétt setnu Prjónympíuleikar voru haldnir við mikinn fögnuð á kaffihúsinu Bræðraborg um síðustu helgi. Kom þar saman helsta prjónafólk svæðisins og má með sanni segja að keppnin hafi aldrei verið harðari. Í fyrsta sinn var keppt í sérstökum karlariðli og áttu keppendur fingrum sínum fjór að launa svo ekki hlytust blóðug meiðsl í hamaganginum. Kristín Þóra Henrysdóttir bar sigur úr býtum í kvennaflokki og Friðfinnur Sigurðson rúllaði upp karladeildinni, en sagan segir að Finni, eins og hann er jafnan kallaður, hafi verið liðtækur prjónari frá unga aldri, enda var hann á sjó áður en vídjótækið kom til sögunnar um borð í bátunum. Ljósmyndari Hringiðunnar fangaði gullin augnablik keppinnar á laugardag.



Engin sulta var prjónuð.



Sigurvegari karladeildar.



Þessar hafa sérstakan stíl.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

... hvert liggur þín leið?

Munið næstu námskeið

Nánari upplýsingar og skráning
á www.frmst.is eða í síma 456 5025

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður
Sími: 456 5025
Netfang: frmst@frmst.is
Vefang: frmst.is



Uppáfittíð var ekkert grín.



Upplýsingaprjónari Ísafjarðarbæjar.

SÖNGKEPPNI MÍ
í Ífróttahúsinu Torfnesi föstudaginn 16. nóvember

Húsið opnar kl. 19:30
og keppnin hefst kl. 20:00

Öllum heimill aðgangur
Verð 500 kr. fyrir nemendur í NMI
og 12 ára og yngri
Verð kr. 1.000 fyrir alla aðra

Veitingasala á staðnum

NOVA
EIMSKIP
VIRI HAFRID OG HEIM
HAMRABORG EHF.
ÍSLANDSBANKI
NMI

Smurbrauð

Smurbrauðið okkar sívinsæla er í boði alla daga til jóla.

Hefðbundnar útfærslur í bland við nýjar tegundir.

Það er notalegt að setjast niður og njóta þess að fá sér uppáhalds sneiðina sína með fjölskyldunni, kunningjum eða vinnufélögum.

Meðal þess sem við bjóðum upp á í ár er:

RIFJASTEIK MEÐ STÖKKRI PURU

Þessi hefur verið á toppi vinsældalistans öll árin.



REYKT ÖND

Sú allra vinsælasta og margir standa á öndinni yfir henni....



RAUÐSPRETTA

Sumir frá sér alltaf þessa...



Auk þessarar sneiða bjóðum við upp á **lifrakæfu**, **lúxusskinku** með ávaxtasalati, **grænmetisneið** og **sneið frá kokkinum**.

Fyrir þá sem vilja snögga þjónustu er gott að panta fyrirfram til að flýta fyrir.

Enn er laust á jólahlaðborðin okkar.

Við leggjum metnað okkar í að hafa heimalagaða rétti og að nýta sem mest úr hráefni úr heimabyggð. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytt úrval af forréttum og meðal nýrra rétta.

VIÐ POLLINN

Veitingar á
Hótel Ísafirði

Sími: 456-4111
vidpollinn.is

					Mannapi	Gála Upp- hrópun	↘	Ástund- un	Tala	Ílát Tala Bein	↘	
					Ræfill	Sturluð			Mjóður Slátur	✓		
					Eink.st. Vesæl				Elska Bor			
					Jón Steingr.	↓	Að	Sæ- lindýr	Hraðann Bíla- stæði			
Súla Elding								Skóli Hvíla		Skýli		
				Skor- dýrin Nagli								
Svif					Fúlegg Kven- dýrið						Tónn Gagn- legar	
Sér- hljóði		Skítur Vínandi						Tími Kærasta				
Drífur Tvíhlj.								Horaður Átt				
Kökuna	↕→								Drykkur Skóli Bolta- leikur			
Kostur Slungin				Beita Frásögn				Op Ísl.st.				
			Fátækar Ílát								Fugl	
Vind- hviða Árás					Röð Slagur			Átt Mjaka	✓		Sérhlj. Ending	
Vægt blótsyrði					Garmur Samhij.							

Lausn á síðustu krossgátu og fyrstu tveimur Sudoku gátunum

				☺			N			O	
	⇒	K	L	Ú	Ð	U	R		↻		
		V	A	L		F	G	H			
Jón Steingr.	↓			A	Ö	G	L	Á	S		J
	Þ	R	U	G	L	A		S	K	R	Á
B	E	I	N	A		M	Á	T	A	R	↓
	S	T	I	R	Ð	A	R		U		Þ
	S	E	R	K		R	A	K	S	A	J
K	I	R	T	L	A	R		U		R	Ó
	↻	G	R	E	I	Ð	S	L	A	↻	N
Æ	K	I	O	F	N		K	N	E	F	I
	O	L	G	A		A	O	A		E	N
	T	E			Ó	S	T		Á	R	U
☺	↻	G	Ö	J	M	↻	R	É	Þ	↻	M
	V		G	E		S	A	L	E	M	
T	E	G	U	N	D	A		J	K		Æ
	L	Á	Ð	S		T	J	A	K	K	S

1	3	5	6	2	4	7	9	8
2	9	6	7	8	3	1	4	5
4	7	8	9	1	5	2	3	6
8	2	3	4	9	7	6	5	1
5	4	9	8	6	1	3	7	2
7	6	1	5	3	2	4	8	9
6	5	4	1	7	9	8	2	3
3	8	7	2	5	6	9	1	4
9	1	2	3	4	8	5	6	7

1	4	5	6	2	3	7	8	9
8	2	7	9	1	5	6	4	3
6	9	3	7	8	4	1	2	5
3	7	1	5	9	8	4	6	2
4	5	9	2	6	7	3	1	8
2	8	6	4	3	1	5	9	7
7	3	8	1	4	9	2	5	6
5	1	2	8	7	6	9	3	4
9	6	4	3	5	2	8	7	1

1			5			3
		2		9	6	
	9		4			8
	8					
7		5	8		3	4
						7
	5		6			4
		7	2		8	
6			3			9

	1						
			6			7	4
	8	3		4		9	
				8			6
		6	1		2	5	
	3			7			
		4		2		1	8
5		9			7		
							5

Hvað er að gerast?

Hringiðan mælir með...

Disneymessa í Ísafjarðarkirkju

Nú getur enginn sagt að leiðinlegt sé í messu! Prófum nýtt og skemmtilegt á þessum sunnudegi.



Föstudagur 16. nóvember

- 10:00: Hlíf: Húslestur í Kjallaranum.
- 12:00: Háskólasetur Vestfjarða: Vísindaport.
- 15:00: Hvesta: Kertamarkaður og opið hús í Hvestu.
- 20:00: Félagsmiðstöðin Djúpið: Söngkeppni Gí.
- 20:00: Íþróttahúsið Torfnesi: Söngkeppni Menntaskólans.
- 21:00: AA húsið, Eyrargötu: AA fundur.
- 21:00: Kaffi Ísól: Drekktu betur.
- 21:00: Einarshúsið, Bolungarvík: Spilavist.
- 21:00: Núpur í Dýrafirði: Morðhelgi á Núpi.
- 22:00: Edinborg Bistro: Bjórbingó.

Laugardagur 17. nóvember

- 11:00: Íþróttahúsið Torfnesi: Íþróttaskóli KFÍ.
- 14:00: Félagsheimilið í Hnífsdal: Kolaport og basar Kventfélagsins Hvatar.
- 16:00: Edinborgarhúsið: Opin bók, bókmenntavaka.
- 20:00: Félagsheimilið á Þingeyri: Hjónaball.
- 21:00: Húsið: Jónas Sig og Ómar Guðjónsson með tónleika.
- 23:00: Húsið: Jógvan og Vignir Snær spila fram eftir nóttu.

Sunnudagur 18. nóvember

- 14:00: Edinborgarhúsið: 100 ára afmæli Húsmæðraskólans Óskar á Ísafirði.
- 15:00: Edinborgarhúsið: Sunnudagsbíó – Saga Borgarættarinnar. 1. Hluti: Ómar Örylgsson og danska frúin á Hofi.
- 18:00: Ísafjarðarkirkja: Disneymessa fyrir alla fjölskylduna.

Mánudagur 19. nóvember

- 20:00: Félagsmiðstöðin Djúpið: Opið hús.
- 20:00: AA húsið, Eyrargötu: Alanon fundur.
- 20:00: Bræðraborg: Þrjónakvöld og kósý.
- 20:00: Edinborgarhúsið: Aðalfundur Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni.

Þriðjudagur 20. nóvember

- 19:30: Guðmundarbúð: Föndur slysavarnakvenna (Línan).
- 20:00: Ísafjarðarkirkja: Æskulýðsfundur.
- 21:00: AA Húsið, Eyrargötu: AA fundur

Miðvikudagur 21. nóvember

- 10:30: Ísafjarðarkirkja: Foreldrasamvera.
- 17:00: Ísafjarðarkirkja: Kirkjuskóli barnanna.
- 18:00: Ísafjarðarkirkja: 9-12 ára kirkjustarf.
- 20:00: Félagsmiðstöðin Djúpið: Bangsakvöld.
- 20:00: Bræðraborg: Trivial og gleði.
- 21:00: Félagsheimilið í Súðavík: AA fundur.



Mér finnst...

... gaman að búa í Ísafjarðarbæ

Það hefur verið mikið í umræðunni up þá síðastið hvað litlu bæirnir úti á landi gætu átt stuttan líftíma eftir. Þótt þetta sé sums staðar mjög alvarlegt vandamál sem eitthvað þarf að gera í, þá kys ég að horfa á þetta með augum saklausu unglingsstúlkunnar sem ég er. Og ég elska að búa á Ísafirði. Ég hef búið á Vestfjörðum alla mína ævi og ég myndi hvergi annars staðar vilja vera. Félagslífið hér er frábært. Ungu fólkið fær að njóta sín á sínu sviði með góðum aðgangi að námsskeiðum, böllum, allskonar keppnum, skemmtunum og öllu því sem er í boði. Margar efnilegar hljómsveitir eru starfandi á öllum aldri sem geta látið ljós sitt skína á hinum og þessum atburðum sem haldnir eru reglulega. Félagslífið heldur sig ekki bara í menntaskólanum og grunnskólanum. Leikhópar, námskeið, klúbbar, kórar og alls konar atburðir eru í gangi úti um allan bæ allt árið um kring. Bærinn eru fullur af tónlist og leik. Sjálf starfa ég með tveimur kórum, æfi söng og hef mikinn áhuga á að taka þátt í leikritum næstu missera. Tækifærin eru allstaðar og þau verða fleiri og fleiri með vaxandi áhuga.

Íþróttafélögin eru sterk og eru bæjarbúar duglegir að styðja við bakið á liðunum sínum. Iðulega á sumrin má sjá brekkuna við Torfnesvöll troðfullan af fólki sem kemur sér vel fyrir á blautu grasinu til að hvetja fótboltaliðin áfram. Ekki er svo slæmt að búið er að splæsa í heila stúku fyrir stuðningsmennina. Í hverju er svo meiri stemmning heldur en að kíkja niður í íþróttahús og hvetja KFÍ til dáða? Húsið er venjulega troðfullt af stuðningsmönnum.

Skíðamenningin hérna er líka rosaleg. Strax við fyrstu opnun fyllist skíðasvæðið í Tungudal, bæði í brekkunum og á skíðagöngusvæðinu. Alls konar íþróttafélög eru starfandi, allir geta



fundið eitthvað við sitt hæfi.

Miðbærinn er venjulega iðandi af lífi. Það er allt í boði. Orðatiltækið „verslum í heimabyggð“ á vel við á Ísafirði og æftu allir að nýta sér þessa frábæru þjónustu sem er hér í boði. Ég veit ekki hversu oft ég hef kíkt í kaffi á Bræðraborg í vetur og varla get ég talið alla kringlurnar sem ég hef keypt mér í Gamla bakaríinu. Falleg föt og aðrar sniðugar vörur eru í öllum búðargluggum og ég er alveg viss um að Hamraborg sé ein af bestu sjoppunum á landinu.

Síðan erum við auðvitað mjög heppin að búa svona nálægt þorpunum og sveitunum í kring sem eru öll svo líflæg og falleg. Ég hef alltaf gaman að því að heimsækja nágrennabæjina og ekki er verra að maður þurfi bara að keyra í genum göngin og þá er maður komin.

Ég get ekki annað sagt en að ég sé stolt af því að búa í litlum bæ úti á landi og fá að njóta þeirra forréttinda sem því fylgja. Vandamál eru betur leyst með jákvæðu viðhorfi og þrátt fyrir neikvæða umræðu þá hef enga trú á öðru en að við lifum þetta af, öll sem eitt.

Arnheiður Steinþórsdóttir.

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði tjá sig um lífið og tilveruna

Þjónustuauglýsingar

Vottaðar lífrænar
vörur úr íslenskum
handtíndum jurtum



Öll almenn
húasmíði

Bolungavík

☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

RAFVERK EHF

RAFVERKTAKI
RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Skólastíg 4 • Bolungarvík • S: 456 7373



Sophus Magnússon

hópfærðir - almenningssamgöngur
vöruflutningar - taxi

Skipagata 15 • 400 Ísafjörður
Símar: 893 8355 • 456 4258
Netfang: taxi@snerpa.is

Fiskibúðin mín

Fiskibúð Sjávarfangs

Sími 456 4400
Sindragötu 11 - 400 Ísafirði



Geirnaglinn ehf

trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122

Öll almenn trésmíði

Bílasala
456 3800

Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf

Sindragötu 7 • 400 Ísafjörður
rons@rons.is • www.rons.is
Símar 456 6698 & 899 6698 • fax 456 6698

Dekrunudd
Steinanudd
Alnudd
Partanudd
Rafmagnsnudd
Stólanudd

Valdu það besta fyrir bílinn þinn.

Hágæða smuroliur frá Shell
þegar mest á reynir

Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélframleiðendur sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar.



Söluæðil
Prymur hf. Vélsmiðja
Suðurgötu 9 - Ísafirði



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

**ÞÆTT UMHVERFI
BETRI FRAMTÍÐ**

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Opíð
10-18
alla
virka
daga

Hárkompaní

sími 456 6363



PRISTUR EHF

Vélsmiðja • Verslun

Sindragata 8 • 400 Ísafjörður
Sími 456 4750 • Fax 456 4574
www.thristur.is • thristur@thristur.is

Nú er tækifærið! Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

Sérfræðingur frá Betra bak í Reykjavík verður í versluninni föstudag og laugardag og gefur góð ráð.



Þráðlaus fjarstýring

- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

AÐEINS 56.317,-
afb. á mánuði í 12 mánuði

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

Tempur dýnur, stillanlegur botn og lappir
162.250 kr. afsláttur
2x90x200

* 3,5% lántökugjald

TEMPUR® Original eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x90x200 cm.

Afsláttarverð Kr. 649.000,-

Verð 811.250,- Þú sparar 162.250,-



Fyrir hlýrri haustdaga – Dúnvara í miklu úrvali

TempraKON dúnsokkar

Til í hvítu og svörtu
Kr. 6.900,-



Asthma-Allergi Forbundet


Fyrir kaldar tær!



Sængin sem breytir öllu!

Dúnsæng með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

100% gæsadúnn
140x200 kr. 39.900,-



Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-16